



HRÆRIGRAUTUR HEIMSPEKINGSINS (HEIMSPEKILEIKUR)

Aldur nemenda: 5 ára og eldri

Viðfangsefni: upphitun fyrir samræðu, hópefli

Færnimarkmið:

Þrep 1: er sammála/ósammála, rökstyður skoðanir sínar.

Viðhorfamarkmið:

Þrep 1: Einbeitir sér að viðfangsefninu, þorir að segja skoðun sína.

Efni og áhöld: Gott gólfrymi, listi kennara með spurningum til að spyrja bekkinn (t.d. spurningar á þessu verkefnablaði)

Tími/umfang: 10-15 mínútur

KENNSLULEIÐBEININGAR

Þetta verkefni er gott til að hrista nemendur saman þegar þeir eru að kynnst eða til að vekja þá þegar þörf er á að koma blóðinu á hreyfingu. Verkefnið getur staðið sem upphitun eitt og sér. Kennari getur líka valið spurningarnar sem hann notar í æfingunni þannig að þær þjóna sem inngangur að frekari samræðu bekkjarins.

Það má þrasa endalaust um hvort og hversu miklu máli það skiptir fyrir barnaheimspekikennara að hafa hefðbundið heimspekinám að baki. Hvert svo sem svarið er þá er hefðbundna heimspekin þrátt fyrir allt ansi áhugaverð og jafnvel skemmtileg. Hér að neðan er safn spurninga sem eru bæði hefðbundnar heimspekilegar spurningar og óhefðbundnari, glettnari spurningar. Þær síðarnefndu eru líka mjög góður upphafspunktur kennslustundar í heimspeki með börnum. Það má færa rök fyrir því að það séu mikilvæg tengsl milli heimspeki og leiksins, þannig að skemmtilegar spurningar ættu þá að undirbúa hugann fyrir heimspeki.

LÝSING Á VINNU:

- Allir nemendur standa í hring og horfa inn í miðju hringins.
- Kennari les upp spurningar sem hann hefur valið fyrir hópinn. Þegar hann hefur lesið spurninguna gefur hann nemendum fyrirhælt: „Þeir sem eru sammála því að [svarar spurningunni með ákveðinni afstöðu] eiga að skipta um stað í hringnum við einhvern annan.“
- Nemendur færa sig milli staða í hringnum til að sýna skoðun sína.
- Af og til biður kennara fulltrúa úr „sammála-hópnum“ og „ósammála-hópnum“ að rökstyðja skoðun sína og heldur síðan leiknum áfram. Passaðu að spyrja jafnt úr báðum hópnum.
- Ef nemandi spyr spurningar í framhaldi af öðru sem fram fer er upplagt að gera þá spurningu að næstu spurningunni í leiknum.

TILBRIGÐI VIÐ STEFIÐ:

- Vertu óhrædd/ur við að prófa alls konar spurningar
- Notaðu lokaðar spurningar sem krefjast „já“ eða „nei“ svara
- Notaðu röð tengdra spurninga til að byggja upp efni í næstu samræðu
- Ef nemendur verða spenntir fyrir ákveðinni spurningu er upplagt að nota tækifærið og fara inn í frekari samræðu um efnið með hópnum.
- Spurningarnar í safninu má líka nota í stuttri rökæfingu með bekknum: Kastaðu bolta til nemanda og með honum spurningu af listanum. Nemandinn á að svara strax og fær síðan dálítið svigrúm til að rökstyðja svarið sitt.

DÆMASAFN – HEIMSPÉKILEGAR SPURNINGAR OG SKEMMTILEGAR SPURNINGAR:

Siðfræði:

- Eru til manneskjur sem fæðast illar?
- Ef þú fæðist ill manneskja, getur þú þá gert eitthvað að því?
- Er í lagi að drepa manneskju?
- Getur stundum verið í lagi að drepa manneskju?
- Er stundum í lagi að drepa barn?
- Er stundum í lagi að drepa manneskju sem hefur drepð aðra manneskju?
- Er fóstureyðing jafn slæm og að drepa barn?
- Er verra að drepa einhvern heldur en að láta hann deyja?

Frumspeki:

- Hefur allt einhverja orsök?
- Byrjaði tíminn einhvern tímann?
- Er framtíðin lengri en fortíðin?

Stjórn málaheimspeki:

- Er réttlátt að ætlast til þess að ríkir borgi fyrir ríka?
- Er réttlátt að ætlast til þess að fátækir vinni fyrir ríka?
- Væri veröldin réttlátari ef það væru sömu laun fyrir alla vinnu?

Trúarheimspeki:

- Eru hlutir góðir af því að Guð segir að svo sé?
- Gæti Guð skipt um skoðun um hvað sé gott?
- Skapaði Guð sjálfan sig?

Þekkingarfræði:

- Væru 2+2 ennþá 4 ef enginn kynni að telja?
- Er til eitthvað sem maður getur vitað með 100% vissu?
- Ef þú veist eitthvað, þýðir það að það sé satt?

Vísindaheimspeki:

- Geta vísindin sagt þér að eitthvað sé satt?
- Geta vísindin sagt þér að eitthvað sé ósatt?
- Er hægt að sanna að sólin rísi á morgun?

Lygi:

- Er í lagi að ljúga?
- Er í lagi að ljúga að lygara?
- Er í lagi að ljúga til að vernda vin sinn?

Hugsun:

- Er hægt að hugsa ekki neitt?
- Er hægt að hugsa það sama og önnur manneskja?
- Er hægt að skilja hugsanir annarra?
- Geta tölvur hugsað?

Hnetur:

- Ef tré fellur í skógi þar sem enginn er staddur, heyrir þá hljóð við fallið?
- Ef íkorni fellur niður úr tré, ættir þú þá að lyfta honum upp?
- Ef tré fellur á íkorna, boðar það ógæfu?
- Ef tré fellur á þig þegar þú lyftir upp íkornanum, er það þá harmleikur?

Hvor er betri?

- Eru hundar betri en kettir?
- Eru höfrungar betri en hákarlar?
- Eru strákar betri en stelpur?
- Eru börn betri en fullorðnir?

Svín

- Getur svín verið hamingjusamt?
- Er verra að éta hamingjusamt svín en að valda svíni óhamingju?
- Er betra að vera óhamingjusamt svín en hamingjusamt svín?
- Er betra að vera óhamingjusöm manneskja en hamingjusamt svín?
- Ef við uppgötvuðum að svín gætu talað, ættum við þá að hætta að éta þau?
- Ef svín bæði þig að éta sig, ættir þú þá að gera það?

Tónlist:

- Er þögn tónlist?
- Er til tónlist án takts?
- Er til tónlist án tónskálds?
- Er til tónlist án hljóðfæra?

Spurningar til að trufla þá sem trufla:

- Byrjar nafnið þitt á stafnum...?
- Ert þú búinn að vera á sama staðnum allan leikinn?
- Viltu vera áfram í sama sætinu?

MEIRA Á HEIMSPEKITORGINU

- [Heimspekileikir - inngangur](#)
- [Heimspekileikur: Að kjósa með fótunum](#)
- [Heimspekileikur: Að kjósa með fótunum - myndasafn](#)
- [Heimspekileikur: Hugtakaskali](#)
- [Heimspekileikur: Spurningasafnið](#)